

**157** — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með brjefi 26. f. m. sent hingað brjef frá amt-  
manninum í vesturumdæminu, er tekur fram, hver nauðsyn á því sje, að sjerstaklegar  
ráðstafanir verði gjörðar, til að afstýra hallæri því, er sakir vorharðinda og skepnufellis,  
er af þeim leiddi, vofi yfir fólkinu í ýmsum sýslum landsins á komanda vetri, og liggja  
þegar fyrir skýrslur um þetta efni úr Dalasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu;  
hafið þjer, herra landshöfðingi, látið í ljósi í brjefi yðar, að nauðsyn bæri til að veita  
sýslufjelögum þeim, er hlut eiga að máli, styrk úr viðlagasjóði eða landssjóði.

Það er nú hvorttveggja, að þjer þykizt eigi heimild til hafa að veita slíka hjálp  
á annan hátt, en sem lán, er 4% greiðist af í vöxtu og endurgoldin skuli í síðasta lagi  
að 10 árum liðnum, en það þykir fyrirsjáanlegt, að þörf muni gjörast stærri lána, en  
sýslufjelögin sjeu fær um að endurgjalda og ávaxta á þennan hátt, enda hefir og amt-  
maður ráð fyrir því gjört, að fjárveitingavald landsins myndi veita ýmsum sýslufjelögum  
styrk á annan hátt, en með láni úr viðlagasjóði eða landssjóði með venjulegri ávöxtun og  
afborgun; hafið þjer því lagt það til, að yður mætti veitast sjerstök heimild til, að veita  
einstökum sýslufjelögum að láni þá upphæð, sem sýslunefndirnar að fengnum skýrslum  
hreppsnefndanna og samþykki amtsráðsins álíta óhjákvæmilega nauðsynlega til að af-  
stýra hungursvoða í hverri sýslu um sig, og að þjer megið ákveða þá ávöxtunar- og  
endurgreiðslu-skilmála fyrir lánnum þessum, sem sveitarstjórnarvöld þau, er í hlut eiga,  
álíta sýslufjelögin fær um að halda.

Af þessu tilefni lætur ráðgjafinn eigi hjá liða að tjá yður þjónustusamlega til  
þóknanlegrar leiðbeiningar, að hann fellst á tillögu yðar, þá er að ofan er skráð, svo að  
þá er lán þessi verða veitt, verði fyrirvari um það hafið, að fullnaðar-ákvörðun verði  
þá fyrst gjörð um ávöxtunar- og endurgreiðslu-skilyrðin, er færi hefir á gefizt að semja  
við alþingi það, er næsta ár á saman að koma.

**158** — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um verzlunar-  
skýrslur. — Útaf fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, frá 19. þ. m. vil eg tjá yður að öll  
skip sem koma á einhvern verzlunarstað og fara frá honum eiga að ritast á skýrsluna,  
um komin og farin skip, og verður við þau skip, er engar vörur hafa meðferðis, að gjöra  
athugasemd um það.

**159** — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um að  
afstýra yfirvofandi hallæri. — Í gærðag hafið þjer, herra amtmaður, brjeflega skýrt  
mjer frá gjörðum amtráðsins í vesturamtinu á amtráðsfundi 18.—20. þ. m. að því er snertir  
ráðstafanir þær, er um var rætt í brjefi mínu 26. f. m., til að afstýra hallæri í hin-  
um ýmsu sýslum amtsins; hafið þjer þar með sent mjer öll skjöl málsins, þar á meðal  
eptirrit eptir gjörðabók sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af fundarhaldi 15.  
—16. þ. m., brjef til amtsráðsins dags. 18. þ. m. frá þingmönnum Snæfellsness- og  
Hnappadals, Dala- og Barðastrandar-sýslna og eptirrit af brjefi yðar, herra amtmaður, dags.  
20. þ. m. til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um skyldu þá, er hvílir  
á sýslunefnd þeirri, er í hlut á, samkv. tilsk. 4. maí 1872 til að gjöra nauðsynlega ráð-  
stöfun til, að afstýra yfirvofandi hallæri. Þjer hafið jafnframt, herra amtmaður, álitid  
það óskilegt, að það verði nú þegar brýnt fyrir sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadals-  
sýslu — eptir fyrirskipun minni — að engra gjafa tjái að vænta sýslunni til handa úr